

Námsvísir 2023-2024

5. bekkur

Námshæð: Stærðfræði

Kennari/kennarar: Arna S. Andrésd.



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

### Markmið

Hæfniviðmið í stærðfræði sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskólanna eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrjú flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Unnið er eftir þessum hæfniviðmiðum sem tilgreind eru í aðalnámskránni:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

### Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- sett fram, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi

### Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn
- sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna
- valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur

### Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- kynnist fjölbreyttum lausnarleiðum
- rannsakað, sett fram á skipulegan hátt, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræð
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- kynnist tengingu stærðfræðinnar við daglegt líf

### **Tölur og reikningur**

- notað heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, raðað þeim og borið saman
- notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu (m.a. almenn brot, tugabrot og prósentur)
- reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með heilum tölum
- leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum

### **Algebra**

- sett fram talnamynstur á skipulegan hátt

### **Rúmfræði og mælingar**

- notað hugtök, s.s. um form (þríhyrningur, ferhyrningur, rétthyrningur, ferningur, samsíðungur, trapisa, fimmhyrningur, hringur) og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði
- rannsakað og greint tvívíð form, teiknað einfaldar flatarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. horn, lengd, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum
- áætlað ummál og flatarmál í raunverulegum aðstæðum

### **Tölfræði og líkindi**

- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim

### **Kennsluaðferð / vinnulag**

Innlögn, umræður, einstaklingsvinna, para- og hópavinna, stöðvarvinna, útlistunarkennsla, námsspil, vinnubókarvinna og þjálfunaræfingar.

### **Námsmat**

Uppsetning í reikningsbók  
Vinna og virkni í tíma  
Verkefni/próf í lok kafla (munnleg/verkleg/skrifleg)

Sjálfsmmat/kennaramat

**Námsgögn**

Stika 1a og 1b

Ýmislegt efni af vef

Multi 5a og 5b nettoppgavar

Ýmis námsspil

Hlutbundin/áþreifanleg gögn